

100

að það mætti við svobúið standa í þetta skipti, en framvegis yrðu ekki slíkir reikningar samþykktir nema með því móti, að hlutadeigandi sýndi fram á, hvornig á teppudögunum stæði, en óheppilegt væri, að sýslunefndarmaður ætti heima í Papey, þar opt gæti komið fyrir, að ófært væri milli lands og eyar svo mánuðum skipti. Amtráðið fjellst á þessa ályktun sýslunefndarinnar, og var sýslusjóðsreikningurinn fyrir 1891 þannig samþykktur.

Reikningshaldari hafði ekki fullnægt úrskurði amtráðsins á reikninginn 1890, að færa til inntektar í næsta reikningi (fyrir 1891) 1 eyrir, sem var vantalið sýsluvegasjóðsgjald úr Berunesshreppi, og hafði amtráðið endurtekið þenna úrskurð sinn á fundi sínum 4.—6. júlí f. á. Ráðið lagði því reikninghaldara fyrir, að fullnægja úrskurðinum í reikningnum fyrir 1893.

Við sýslusjóðsreikninginn 1892 hafði endurskoðandi sýslunefndarinnar gjört þær athugasemdir, sem ritaðar eru á reikninginn, og hafði reikningshaldari þegar sent þau fylgiskjöl og látið undirskrifa þau fylgiskjöl, sem athugasemdirnar áttu við.

Að því leyti, er snertir þá athugasemd endurskoðanda, að sýslunefndin hafi borgað 50 kr. fyrir fundarhald á Búðareyri, sem stóð yfir í 4 daga og 20 kr. fyrir fundarhald 1 dag á Egilsstöðum, þá ályktaði amtráðið, að við svo búið mætti standa.

Athugasemd endurskoðanda um, hvornig tilfæra eigi eign til næsta árs, sem sje á þessa leið:

Eign: plógur frá Páli Eyjólfssyni	kr. 50,00
í sjóði hjá reikningshaldara	— 554,47
	alls: <u>kr. 604,47</u>

ber reikningshaldara að taka til greina í næsta reikningi.

Reikningurinn var þannig samþykktur. (Frh.).

101

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar 1892.

Tekjur.

1. Í sjóði 1. jan. 1892:	
Innritunarskirteini A. fol. 91	Kr. 1600,00
2. Vextir frá ¹¹ / ₆ '91— ¹¹ / ₆ '92	— 56,00
	<u>Kr. 1656,00</u>

Gjöld.

1. Styrkur veittur Frímanni Ágústssyni á Ljósstöðum	Kr. 56,00
2. Í sjóði við árslok:	
Innritunarskirteini A. fol. 91	— 1600,00
	<u>Kr. 1656,00</u>

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 30. jan. 1893.

Í fjarveru amtmanns J. Havsteen

Kl. Jónsson,
settur.